



E 18/2017

Fyrirspyrjandi Mikko Kärnä (cent)  
Til Ríkisstjórna Norðurlanda

Til Ríkisstjórna Norðurlanda

**Skrifleg fyrirspurn  
um sameiginlega stefnu ríkisstjórna Finnlands, Svíþjóðar, Noregs,  
Danmerkur og Íslands í munntóbaksmálum**

Af þeim norrænu ríkjum sem eiga aðild að Evrópusambandinu er framleiðsla og sala á munntóbaki aðeins leyfileg í Svíþjóð. Í Finnlandi og Danmörku er bannað að framleiða og selja munntóbak og sama gildir um Ísland, sem er utan ESB. Í Noregi er ekki framleitt munntóbak en þar má selja munntóbak sem framleitt er í Svíþjóð. Í Danmörku er munntóbak ekki selt sem slíkt, en sala á tuggutóbaki er leyfileg þar í landi og þar er sænskt pokamunntóbak selt sem tuggutóbak. Á Íslandi er bannað að selja sænskt munntóbak, sem selt er í sérstökum pokum sem stungið er undir vörina, en þar er hins vegar leyfilegt að framleiða og selja neftóbak sem er mun skaðlegra. Leyfilegt er að flytja sænskt munntóbak til Finnlands í takmörkuðu magni til einkanota. Blómleg landamærasala á sér stað t.d. á Haaparanta-svæðinu, þar sem sprottið hafa upp fjölmargar „munntóbaksheildsölur“.

Þrátt fyrir strangar takmarkanir á sölunni hefur munntóbaksnotkun færst í aukana á Norðurlöndum. Hið sænska munntóbak hefur náð útbreiðslu í öllum löndunum. Munntóbak er vitanlega ekki hollt eða án afleiðinga fyrir heilsu manna, en rannsóknir sýna þó að langtum minna skaðlegt er að nota munntóbak en að reykja. Í Svíþjóð, þar sem fleiri nota munntóbak en í nokkru öðru landi heimsins, er tíðni munnkrabbameina minnst á heimsvísu.

Munntóbak hefur þó ýmis skaðleg áhrif á heilsuna og hvert norrænu landanna fyrir sig tekst á við afleiðingar munntóbaksnotkunar meðal borgaranna. Bann við munntóbakssölu getur skapað vandamál út frá skattlagningu. Öll skattheimta af sölunni rennur til Svíþjóðar á meðan hin löndin bera hvert um sig þann kostnað sem stafar af munntóbaksnotkun borgaranna. Í Finnlandi hefur bannið einnig kynt undir glæpastarfsemi á borð við umfangsmikið smygl og ólögleg viðskipti með munntóbak. Slíkan gróðaveg fyrir skipulagða glæpi ætti að fyrirbyggja með öllum ráðum. Úrræði lögreglu og tollaeftirlits til að hafa stjórn á þessari glæpastarfsemi eru ófullnægjandi.

Ástæða er til að spyrja hvers vegna Norðurlöndin mynda sér ekki sameiginlega og samræmda stefnu í munntóbaksmálum á grundvelli menningar sinnar. Frjáls sala



munntóbaks í öllum löndunum myndi ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi, stuðla að því að við náum markmiðinu um reyklus Norðurlönd, leiða til réttlátari skiptingar skattheimtu af munntóbakssölu og sameina Norðurlandabúa í hnattvæddum heimi.

Með hliðsjón af framangreindu beini ég eftirfarandi fyrirspurnum til ríkisstjórna Finnlands, Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Íslands:

- Til hvaða aðgerða hyggjast ríkisstjórnirnar grípa til að sala á sænsku munntóbaki verði gefin frjálst í öllum norrænu löndunum og stuðla þannig að afnámi umfangsmikillar stjórnsýsluhindrunar milli landanna?
- Gætu Norðurlöndin beitt sér fyrir því í sameiningu á vettvangi EES að hverfa frá takmörkunum á framleiðslu og sölu munntóbaks?
- Telur ríkisstjórn Finnlands það mögulegt að Finnland taki sem fyrst upp sama verklag og í Danmörku, þar sem leyfilegt er að selja munntóbak undir heitinu tuggutóbak, í því skyni að tryggja skatttekjur af sölnni?

Reykjavík, 20. september 2017

*Mikko Kärnä (cent)*